

„Þá leyfir maður sér liggur við að hlaupa tungumálanna á milli“

Íslensk-ensk málvíxl framhaldsskólanema á samfélagsmiðlum

1 Inngangur

Íslenskt mál á sér langa og ríkulega ritmálshefð og málsamfélagið hefur lengst af verið eintyngt að mestu leyti.¹ Á undanförunum árum hefur verið bent á að staða málsins sé ef til vill ekki eins traust og ótvíræð og áður, meðal annars vegna alþjóðavæðingar, örrar tækniþróunar og sívaxandi enskunotkunar á ýmsum sviðum þjóðlífsins.² Í nýlegri ályktun Íslenskrar málnefndar³ eru viðraðar áhyggjur af neikvæðum viðhorfum íslenskra ungmenna til tungumálsins og í því sambandi vísað til þess að vinsældir íslensku sem námsgreinar hafi dvínað og að enska komi mun betur út í þeim samanburði.⁴ Þá hafa rannsóknir leitt í ljós að börn og unglingar telja mikilvægt

¹ Höfundar þakka ritrýnum og ritstjórum fyrir gagnlegar ábendingar og athugasemdir við fyrstu gerð þessarar greinar. Einnig eru Írenu Rut Jónsdóttur færðar þakkir fyrir aðstoð við innslátt gagna.

² Sjá til dæmis Amanda Hilmarsson-Dunn og Ari Páll Kristinsson, „The language situation in Iceland“, *Current Issues in Language Planning* 11: 3/2010, bls. 207–276; Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson, „Íslenska á tölvuöld“, *Frændafundur* 9, ritstj. Höskuldur Þráinsson og Hans Andrias Sølvará, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2019, bls. 47–56.

³ Ályktun um stöðu íslenskrar tungu, Íslensk málnefnd, 2020, <https://islenskan.is/images/Alyktanir-pdf/alyktun2020.pdf>.

⁴ Rúnar Sigþórsson, Anna-Lind Pétursdóttir og Þóra Björk Jónsdóttir, „Nám, þátttaka og samskipti nemenda“, *Starfsbættir í grunnskólum við uppbaf 21. aldar*, ritstj. Gerður G. Óskardóttir, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2014, bls. 161–196, hér bls. 173; Ólöf Björk Sigurðardóttir og Sigríður Sigurjónsdóttir, „Viðhorf íslenskra



að tileinka sér færni í formlegri íslenskunotkun, aðallega í sambandi við skólagöngu og framavonir innanlands, en enska er miklu frekar tengd við skemmtilega afþreyingu, ferðalög og spennandi framtíðarmöguleika í útlöndum.⁵ Í rannsóknarverkefninu „Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis“ hefur verið leitast við að varpa ljósi á notkun íslensku og ensku í ýmsum aldurshópum og viðhorf til beggja mála, meðal annars með því að kortleggja málílag (e. *linguistic input*) og fá málhafa til að leggja mat á máltilbrigði sem tengjast þessu nána málsambýli. Niðurstöður úr því verkefni eru m.a. til umfjöllunar í þessu þemahefti og verða ekki raktar hér en til þess að fá enn gleggri mynd af stöðu íslensku gagnvart ensku meðal íslenskra ungmenna er fróðlegt að kanna frjálsa málnotkun á rafrænum samskiptamiðlum, enda má færa fyrir því rök að slíkir miðlar séu drjúgur hluti af daglegu samskiptaumhverfi ungmenna hér á landi, auk þess sem flestir þessara miðla byggja á enskum grunni þó stilla megi suma þeirra yfir á íslensku að nokkru leyti.

Nánar tiltekið verður hér hugað að sambýli íslensku og ensku eins og það birtist í stöðuuppfærslum, athugasemdum og skilaboðapráðum framhaldsskólanema á samfélagsmiðlinum Facebook. Sjónum er sérstaklega beint að svokölluðum **málvíxlum** (e. *code-switching*), það er að segja þegar gripið er til orða, orðasambanda, setninga og jafnvel lengri segða á ensku þar sem íslenska er annars grunnmálið, en slík víxl eru gjarnan talin vera eitt helsta einkenni unglíngamáls.⁶ Til grundvallar liggja gögn frá 92 framhaldsskólunemum sem leyfðu aðgang að stöðuuppfærslum og athugasemdum á Facebook-síðu sinni yfir þriggja vikna tímabil vorið 2015, auk þess sem 30 þeirra létu rannsakendum í té afrit af eigin samtalspráðum með samþykki

barna til íslensku og ensku: Hvað segja þau um íslensku- og enskukennslu í grunnskólum?“, *Netla – Vefritarrit um uppeldi og menntun: Sérriit 2020 – Menntakvika 2020*, 2020, <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2020.9>, bls. 1–18.

⁵ Lilja Björk Stefánsdóttir, *Heimdragar og heimsborgarar. Menningarlegur hvati í stafrænu sambyli*, MA-ritgerð í íslenskrri málfræði við Háskóla Íslands, 2018, <http://hdl.handle.net/1946/29936>; Berglind Hrönn Einarisdóttir, *Víðborf unglínga til íslensku og ensku: Niðurstöður viðtalskönnunar við 48 unglínga á aldrinum 13–16 ára*, MA-ritgerð í íslenskrri málfræði við Háskóla Íslands, 2019, <http://hdl.handle.net/1946/32654>; Kristján Jóhann Jónsson og Ásgrímur Angantýsson (ritstj.), *Íslenska í grunnskólum og framhaldsskólum*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2018; Ólöf Björk Sigurðardóttir, *Tungumál og tæknivædd börn: Víðborf barna til íslensku og ensku og tengsl þeirra við skjá- og netnotkun*, MA-ritgerð í íslenskrri málfræði við Háskóla Íslands, 2020, <http://hdl.handle.net/1946/35319>.

⁶ Helga Hilmisdóttir, „Íslenskt unglíngamál í alþjóðlegu samhengi“, *Skírnir* 192 (vor)/2018, bls. 58–74, hér bls. 64.

hlutaðeigandi viðmælenda. Meginmarkmið þessarar greinar er að varpa nokkru ljósi á umfang málvíxla þátttakendanna, hvaða hlutverki þau þjóna í samskiptum þeirra og við hvaða aðstæður þau virðast helst koma fram. Á þessum grunni verður unnið út frá eftirfarandi rannsóknarspurningum:

- A. Hversu tíð er notkun orða, orðasambanda og lengri segða úr ensku og hvers eðlis eru dæmin?
- B. Hvaða hlutverki þjóna málvíxlin í orðræðunni/samtölunum?
- C. Við hvaða aðstæður er helst skipt á milli mála og hvaða ástæður virðast helst liggja að baki (umræðuefni, samtöl/jafningjaumræður; opin/lokaður vettvangur)?
- D. Að hvaða marki koma fram vísbendingar um tvítyngisaðstæður, það er að segja að enska sé notuð sem grunnmál samhliða íslensku?

Meðal þess sem rannsókn okkar leiðir í ljós er að ungmennin nota ensku helst þegar þau virðist vanta orð á íslensku, í upphrópunum, til áhersluauka, í leikrænum tilgangi og til að styrkja tengsl sín á milli. Auk þess kemur enska gjarnan við sögu í þeim textum sem birtir eru með myndum í stöðuupp-færslum. Það sem síðan ræður mestu um hvort málvíxlum er beitt eru annars vegar málaðstæðurnar og hins vegar umræðuefnið, en eins og við má búast er nokkur munur á málsniði í einkasamtölum annars vegar og stöðuupp-færslum og sýnilegum athugasemdum hins vegar. Á samtalsþráðunum er almennt meiri tilhneiging til að skipta yfir í ensku en það fer þó mjög mikið eftir umræðuefninu. Þegar rætt er um efni á borð við skóla eða almennar frístundir heyrir til undantekninga að gripið sé til ensku en þegar talið berst að tölvuleikjum, sjónvarpsþáttum og tilteknum sérhæfðum viðfangsefnum eru málvíxl býsna áberandi.

Skipulag greinarinnar er sem hér segir: Í kafla 2 er lagður fræðilegur grunnur að umræðunni og í kafla 3 er sagt frá efnissöfnun og rannsóknaraðferðum. Í kafla 4 eru eiginlegar niðurstöður svo kynntar og í kafla 5 eru þær dregnar saman og settar í samhengi við fyrri rannsóknir.

2 Málvíxl; fræðilegur bakgrunnur og afmörkun

Meginumfjöllunarefni þessarar greinar eru, sem fyrr segir, málvíxl á milli íslensku og ensku og og umfang og hlutverk þeirra í samskiptum íslenskra ungmenna á framhaldsskólaaldri á Facebook. Talsverð sátt hefur ríkt um

grunnskilgreiningu þessa hugtaks síðan frumherjar eins og Gumperz,⁷ Myers-Scotton⁸ og Poplack⁹ lögðu fram fyrstu drög að henni á grunni rannsókna sinna á 8. og 9. áratug síðustu aldar og hugtakið er nú almennt talið vísa til þess þegar tvö tungumál eða fleiri (eða tvö eða fleiri afbrigði sama tungumáls) eru notuð innan sama samtals. Framan af var einkum horft til talmáls í þessu samhengi en í seinni tíð hefur ritmál einnig verið tekið til skoðunar, ekki síst eftir tilkomu rafrænna samskipta, sem má í mörgum tilvikum líta á sem einhvers konar samtal þó það sé vissulega á rituðu formi.¹⁰ Einnig er vert að minnast á að málvíxl hafa oftast verið til athugunar í málsamfélögum sem ýmist teljast tví- eða fjöltyngd í formlegu tilliti (til dæmis Kanada) eða þar sem aðstæður kalla með einum eða öðrum hætti á að fólk sé tví- eða fjöltyngt, eða hafi vald á tveimur eða fleiri skýrt aðskildum mállýskum eða afbrigðum stéttbundins máls, ekki síst fólk sem talar tungumál sem er í minnihlutastöðu gagnvart opinberu máli viðkomandi lands eða svæðis. Hér má til dæmis vísa til samspils ýmissa afrískra mála við mál fyrrum nýlenduherra, oftast ensku eða frönsku, sem hafa víða í Afríku sterka stöðu sem opinber mál enn í dag enda þótt nýlendutíminn sé liðinn. Ísland, og samspil íslensku og ensku hér á landi, fellur vitaskuld utan þessa ramma, en í ljósi umræðu undangenginna áratuga um sívaxandi áhrif enskunnar og áhyggna margra af þeirri þróun er áhugavert að reyna að átta sig á því hvort og þá að hvaða marki má sjá merki um víxlun á milli íslensku og ensku. Þetta gildir ekki síst í rafrænu umhverfi, sem virðir landamæri að mestu að vettugi, en þar, sem og á hnattræna vísu utan þess umhverfis, má auðvitað líta á íslensku sem minnihlutamál gagnvart ensku.

Þótt flestir virðist á eitt sáttir um grunnskilgreiningu málvíxlhugtaksins er öllu misjafnara hvað hún er talin ná yfir. Ekki virðist um það deilt að um málvíxl er að ræða þegar skipt er úr einu máli í annað í heilum setningum eða lengri einingum og stakir setningaliðir eða orðasambönd geta einnig falið í sér víxl. Málið vandast hins vegar þegar kemur að stökum orðum auk þess sem misjafnt er hve mikil aðlögun að grunnmálinu telst mega eiga sér stað,

⁷ John J. Gumperz, *Discourse strategies*, Cambridge: Cambridge University Press, 1982, bls. 59.

⁸ Carol Myers-Scotton, „Code-switching as indexical of social negotiations“, *The Bilingualism Reader*, ritstj. Li Wei, London: Routledge, 2000, bls. 137–165, hér bls. 142.

⁹ Shana Poplack, „Sometimes I’ll start a sentence in Spanish *y termino en español*: toward a typology of code-switching“, *The Bilingualism Reader*, ritstj. Li Wei, London: Routledge, 2000, bls. 221–256, hér bls. 224.

¹⁰ Su-Hie Ting og Kai-Liang Yeo, „Code-switching Functions in Facebook Wall-posts“, *Human Behavior, Development and Society* 20: 3/2019, bls. 7–18, hér bls. 7–8.

varðandi hvort heldur er hljóð- eða beygingakerfi eða setningagerð, til þess að um málvíxl geti verið að ræða. Þannig nefnir Poplack¹¹ að hún líti svo á að orðið „mogueen“, sem er komið af enska orðinu „mug“ (= „ráðast á/ræna“), geti innan spænsku setningarinnar „Es posible que te mogueen“ (= „þeir gætu ráðist á/rænt þig“) ekki talist dæmi um málvíxl enda sé búið að laga það að spænsku jafnt í setningafræðilegu sem beygingar- og hljóðfræðilegu tilliti. Á hinn bóginn flokkist „heavy-duty“, í setningunni „Las palabras heavy-duty, bien grandes, se me han olvidado“ (= „Ég hef gleymt stóru, heavy-duty orðunum“) sem málvíxl vegna þess að þar er enga aðlögun að sjá að hljóð- eða beygingakerfi spænsku enda þótt notkun orðsins sé ekki í samræmi við hefðbundna orðaröð í ensku. Í íslensku samhengi hefur Kristján Árnason¹² svo tekið þá afstöðu að ekki sé hægt að líta á notkun tókuorða og slettna úr ensku sem dæmi um málvíxl nema í undantekningartilvikum, enda byggist notkun erlendra orða í íslensku oftast á því að málnotendur þekki þau úr innlendu umhverfi frekar en beint úr tókumálinu. Í erlendum rannsóknum hefur þó stundum verið farinn ákveðinn millivegur og stök orð og aðrar glefsur úr tókumálinu sem skotið er inn í grunnmálið, ýmist með eða án aðlögunar að því, flokkuð sem sérstakt afbrigði málvíxla, sem víðast er nefnt málblöndun (e. *code-mixing*).¹³

Eins og sjá má af umfjölluninni hér fyrir ofan er ekki sjálfgefið hvað ber að telja til málvíxla og hvað ekki. Það er ekki markmið þessarar greinar að leiða til lykta tæplega hálfra aldar umræður og deilur um skilgreiningu hugtaksins, enda vandséð að eitt greinarkorn dugi til þess, en eftir sem áður er rétt að leggja fram þá afmörkun sem hér er unnið út frá. Grunnstefið er að fylgja nokkuð víðri skilgreiningu og flokka þannig sem málvíxl bæði það sem hér hefur verið bent á sem óumdeilanleg málvíxl og það sem telst til málblöndunar. Það byggist ekki síst á því að þeirri sértæku rannsókn á málvíxlum sem gerð er grein fyrir hér er í víðara samhengi ætlað að bæta brotum við þá heildarmynd sem við höfum af áhrifum ensku á íslensku. Einnhver afmörkun er þó alltaf nauðsynleg og þar var horft til nokkurra þátta.

Í fyrsta lagi þurftum við alloft að taka afstöðu til þess hvenær orð af enskum eða öðrum erlendum uppruna teljast til málvíxla og hvenær ekki. Hér verður seint dregin skýr og bein lína og eflaust má deila um réttmæti afmörkunar okkar í ýmsum tilvikum, en við völdum að telja ekki til mál-

¹¹ Shana Poplack, „Sometimes I’ll start a sentence in Spanish *y termino en español*: toward a typology of code-switching“, bls. 226.

¹² Kristján Árnason, „Að bera sér orð í munn: Hvenær verður orðið íslenskt?“, *Orð og tunga* 11: 2009, bls. 75–100, hér bls. 82.

¹³ Þórdís Gísladóttir, „Hvað er tvítýngi?“, *Ritið* 4: 1/2004, bls. 143–157, hér bls. 154.

víxla ýmis orð úr gagnasafni okkar sem eiga sér skýran erlendan uppruna og ekki augljósa samsvörun á íslensku þó þau hafi vissulega áunnið sér skýran þegnrétt í íslensku máli á grunni áratugalangrar notkunar og eru að mestu eða öllu leyti löguð að íslensku málkerfi. Þetta eru t.d. ýmis orð sem tengjast skemmtanalífi og tónlist, svo sem *djamm*, *kokteill*, *fönk* og *rokk*, og ýmis heiti á réttum eða matvælum, svo sem *pizza*, *lasagna*, *frómas*, *naan(-brauð)*, *túrmerik* og *snakk*. Á grunni sambærilegs skorts á íslenskri samsvörun voru ýmis ensk heiti tölvuleikja, sjónvarpsþátta, kvikmynda, laga og svo framvegis heldur ekki talin til málvíxla og sömu sögu má segja um ýmis ensk vörumerki sem nefnd voru, svo sem *Nike* og *Converse(-skór)*. Þá standa eftir ýmis orð, svo sem *reddí*, *plís* og *fuck/fucking/fuckanum*, sem eiga sér almennt allanga sögu í íslensku og hafa oftast en ekki verið löguð að verulegu leyti að henni og ættu að því leytinu til naumast að teljast til málvíxla. Hér er þó horft til þess að þessi orð eiga sér augljósa íslenska samsvörun (*reddí = tilbúin/n*, *plís = gerðu það/vinsamlegast*, *fuck = andskotinn/helvítil...*) og því fer hér fram ákveðið val málnotenda, þó það sé eflaust í mörgum tilvikum að mestu ómeðvitað.

Í annan stað kusum við að sneiða hjá svokölluðum myllumerkjum (e. *bashtag*), en þau virka sem eins konar tengill inn á umræðu um ákveðið þema eða málefni á samfélagsmiðlum. Þátttakendur nota vissulega bæði ensk og íslensk myllumerki, en við notkun hvers merkis um sig er í raun bara um þann eina möguleika að ræða, hvort sem um er að ræða enskt eða íslenskt merki, og möguleikinn á víxlum því í raun ekki til staðar. Loks kemur það fyrir á stöku stað að enskumælandi Facebook-vinir þátttakenda bregðast við stöðuuppfærslum þeirra og setja inn spurningu eða einhvers konar viðbrögð við þeim í athugasemdum sem fylgja stöðuuppfærslunum og þá vill spinnast samtal á ensku út frá því. Þekkt er úr ýmsum rannsóknum á málvíxlum¹⁴ að þátttakendur víxla á milli mállýskna eða tungumála þegar aðstæður – til dæmis nýr þátttakandi – kalla á það. Þar er þó yfirleitt um einhvers konar tví- eða fjöltyngisaðstæður að ræða þar sem báðir (eða allir) þátttakendur í viðkomandi samtali eða samskiptum hafa í það minnsta nokkurt á vald á hverju þeirra mála eða mállýskna sem við sögu koma. Með öðrum orðum hafa þátttakendurnir ákveðið val um það hvaða mál eða mállýsku þeir nota en það val er ekki til staðar í þeim Facebook-þráðum sem hér eru undir; eigi samtalið að komast eitthvað áfram verður íslenskur eigandi Facebook-

¹⁴ Sjá t.d. Jan-Petter Blom og John J. Gumperz, „Social meaning in linguistic structure: code-switching in Norway“, *The Bilingualism Reader*, ritstj. Li Wei, London: Routledge, 2000, bls. 111–136, hér bls. 119–120.

síðunnar að skipta yfir á ensku enda sjást engin merki þess að enskumælandi vinir þeirra tali nokkra íslensku. Á þessum grunni litum við svo á að enskunotkun þátttakenda í þessu samhengi gæti ekki flokkast sem dæmi um eiginleg víxl úr íslensku yfir í ensku.

Fræðafólk hefur nálgast málvíxl út frá ýmsum sjónarhornum, en með hóflegri einföldun má skipta þeim í tvo meginflokka. Annars vegar hefur nálgunin verið félagsmálvísindaleg, og áhersla þar lögð á að greina og átta sig á því hvaða hlutverki málvíxl gegna í samskiptum manna á milli, og hins vegar hefur sjónum verið beint að málkerfinu og því hvaða þættir þess ýmist hamla eða leyfa málvíxl.¹⁵ Í tengslum við rafræn samskipti virðist hingað til minna hafa verið hugað að þessari formlegu hlið málvíxla en hlutverkum þeirra, þó vissulega sé imprað á henni hér og hvar.¹⁶ Þessi staða endurspeglast í þessari grein að því leyttinu til að hér er eingöngu unnið út frá fyrra sjónarhorninu, til að fá nokkra mynd af því hvaða hlutverki enska gegnir í samskiptum þátttakendanna á samfélagsmiðlum. Greining á því sem kalla má málkerfi málvíxla verður að bíða betri tíma enda er hún efni í sjálfstæða grein.

Grunnurinn að hlutverkasjónarhorni því sem greint hefur verið frá er oftast rakinn til rannsóknar Blom og Gumperz á víxlum á milli norsks bókmáls annars vegar og staðbundinnar mállýsku hins vegar á meðal íbúa Hemnesberget, sem er þorp í norðurhluta Noregs. Á grundvelli athugana sinna þar skiptu Blom og Gumperz málvíxlum upp í tvo meginflokka út frá hlutverkum þeirra, annars vegar aðstæðubundin málvíxl (e. *situational code-switching*), sem vísa til þess að málvíxl eiga sér gjarnan stað þegar breytingar verða á samtalsaðstæðunum hverju sinni, t.d. vegna þess að nýr þátttakandi kemur inn í samtalið (sbr. umræðu hér ofar) eða að nýtt umræðuefni er tekið upp, og hins vegar samræðuleg málvíxl (e. *metaphorical code-switching*),¹⁷ sem eiga sér stað til dæmis þegar málhafi hverju sinni víxlar á milli mála til að gefa til kynna afstöðu sína, leggja áherslu á eitthvað, sýna glettni eða vitna í ummæli annars.¹⁸ Þessi grunnskipting hefur að mestu staðist tímans tönn

¹⁵ Catrin Norrby og Gisela Håkansson, *Introduktion till sociolingvistik*, Stockholm: Norstedts, 2010, bls. 228.

¹⁶ Sjá t.d. Pilar Caparas og Leah Gustilo, „Communicative aspects of multilingual code switching in computer-mediated communication“, *Indonesian Journal of Applied Linguistics* 7: 2/2017, bls. 349–359.

¹⁷ Þýðing á *situational code-switching* og *metaphorical code-switching* er fengin að láni frá Þóru Björk Hjartardóttur, „Bein ræða og málvíxl hjá tvítýngdum Dönum“, *Íslenskt mál og almenn málfræði* 39: 2017, bls. 13–36, hér bls. 15.

¹⁸ Jan-Petter Blom og John J. Gumperz, „Social meaning in linguistic structure: code-switching in Norway“, bls. 126–127.

en hún hefur þó verið þróuð frekar, bæði af Gumperz sjálfum¹⁹ og fleirum,²⁰ og hlutverk málvíxla kvíslast nú í ýmsa undirflokka. Sumir þeirra, svo sem áhersluauki og tilvitnun í aðra, hafa í raun þegar verið nefndir en hér kemur þó ýmislegt annað við sögu og málvíxl virðast til að mynda gjarnan notuð til frekari útskýringa á tilteknum skilaboðum, til að undirstrika tengsl við viðmælandann eða þegar málhafa hverju sinni vantar orð eða orðasamband á grunnmálinu til að koma efni sínu til skila. Einnig hefur verið á það bent að málvíxl þjóni ekki alltaf einhverjum ákveðnum tilgangi í viðkomandi samræðum heldur geti þau líka átt sér stað að því er virðist nokkuð tilviljanakennt, gjarnan út frá ákveðnum orðum eða aðstæðum í segðinni hverju sinni sem skapa einhvers konar ómeðvituð hugrenningatengsl eða „kveikjur“ að víxlunum.²¹

Eins og kannski má vænta ræðst skipting málvíxla í þessa flokka að nokkru af því hverjar málaðstæðurnar eru hverju sinni og ýmiss konar aðstæður hafa verið teknar til athugunar í þessu samhengi, svo sem samskipti sölumanna og viðskiptavina,²² samskipti kennara og nemenda²³ og umræður um tæknileg málefni, svo sem tölvur.²⁴ Í seinni tíð hafa svo samskipti í raf-rænu umhverfi, og þá sérstaklega á samfélagsmiðlum, vakið vaxandi athygli. Í flestum tilvikum er enska það mál sem víxlað er yfir í, enda flestir sam-

¹⁹ John J. Gumperz, *Discourse strategies*, bls. 75–83.

²⁰ Sjá t.d. Charlotte Hoffmann, *An introduction to bilingualism*, New York: Longman, 2014; Muriel Saville-Troike, *The ethnography of communication: An introduction*, Oxford: Basil Blackwell, 2003.

²¹ Claudia Maria Riehl, „Code-switching in Bilinguals: Impacts of Mental Processes and Language Awareness“, *ISB4: Proceedings of the 4th International Symposium on Bilingualism*, ritstj. James Cohen, Kara T. McAlister, Kellie Rolstad og Jeff MacSwan, Somerville, MA: Cascadilla Press, 2005, bls. 1945–1959, hér bls. 1945–1946.

²² Yih-Long Lau og Sue-Hie Ting, „Chinese vendors’ code switching in service encounters in Sarawak, Malaysia“, *Sociolinguistic Studies*, 7: 2/2014, bls. 199–223; Y. Pan, „Code-switching and social change in Guangzhou and Hong Kong“, *International Journal of the Sociology of Language* 146: 1/2000, bls. 21–42; Gse-Peng Soon og Sue-Hie Ting, „Conventions of Malaysian grocery store service encounters“, *HERMES Journal of Language and Communication in Business* 27: 53/2014, bls. 125–142.

²³ Hilda Cahyani, Michele de Courcy og Jenny Barnett, „Teachers’ code-switching in bilingual classrooms: Exploring pedagogical and sociocultural functions“, *International Journal of Bilingual Education and Bilingualism* 21: 4/2018, bls. 465–479; Saionara Greggio og Gloria Gil, „Teacher’s and Learners’ Use of Code Switching in the English as a Foreign Language Classroom: A Qualitative Study“, *Linguagem & Ensino* 10: 2/2007, bls. 371–393.

²⁴ Timothy J. Riney, „Toward more homogeneous bilingualism: Shift phenomena in Singapore“, *Multilingua* 17: 1/1998, bls. 1–23.

félagsmiðlar byggðir á enskum grunni, auk þess sem enska er víða eins konar „lingua franca“ samtímans, en ýmis tungumál hafa komið við sögu sem grunnmál, svo sem danska, litháíska,²⁵ nepalska,²⁶ kínverska, malajíska²⁷ og filippseyska.²⁸ Niðurstöður þessara athugana benda almennt til þess að þó vissulega sé ákveðinn eðlismunur á munnlegum og rafrænum samskiptum komi að miklu leyti sömu eða sambærileg hlutverk málvíxla við sögu í báðum samskiptagerðunum,²⁹ um leið og þess sjást sums staðar merki að málvíxlun er ekki sérlega tíð í rafrænum samskiptum.³⁰

Enda þótt talsvert hafi verið rætt og ritað undanfarna áratugi um áhrif ensku á íslenskt málsamfélag³¹ virðist það lítið sem ekkert hafa orðið til þess að hugsanleg málvíxl Íslendinga yfir á ensku hafi verið tekin til skipulegrar athugunar. Helst er að hér megi nefna litla athugun Kristínar Margrétar Jóhannsdóttur á víxlum yfir í ensku í máli Vestur-Íslendinga,³² en hún veitir auðvitað takmarkaðar upplýsingar um stöðu mála í íslensku nútímasamhengi. Raunar virðast málvíxl almennt hafa notið takmarkaðrar athygli hins íslenska fræðaheims og fyrir utan almenna umræðu um hugtakið og inntak þess³³ er helst að benda megi á námsritgerðir um málvíxl íslenskra eða hálf-

²⁵ Eglé Jakeliené, „Code-Switching on Facebook in Denmark and Lithuania“, *Taikomoji Kalbotyra* 10: 2018, bls. 1–25.

²⁶ Bal Krishna Sharma, „Beyond social networking: Performing global Englishes in Facebook by college youth in Nepal“, *Journal of Sociolinguistics* 16: 4/2012, bls. 483–509.

²⁷ Su-Hie Ting og Kai-Liang Yeo, „Code-switching Functions in Facebook Wall-posts“, *Human Behavior, Development and Society* 20: 3/2019, bls. 7–18.

²⁸ Pilar Caparas og Leah Gustilo, „Communicative aspects of multilingual code switching in computer-mediated communication“, bls. 349–359.

²⁹ Sjá t.d. Jannis Androutsopoulos, „Code-switching in computer-mediated communication“, *Pragmatics of Computer-mediated Communication*, ritstj. Susan C. Herring, Daniel Stein og Tuomas Virtanen, Berlín/Boston: de Gruyter Mouton, 2011, bls. 667–694, hér bls. 681.

³⁰ Su-Hie Ting og Kai-Liang Yeo, „Code-switching Functions in Facebook Wall-posts“, bls. 8.

³¹ Sjá t.d. Dagbjört Guðmundsdóttir, Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson, „Stafrænt sambýli íslensku og ensku. Athugun á málumhverfi og málnotkun 13–98 ára Íslendinga“, *Íslenskt mál og almenn málfræði* 41–42: 2019–2020, bls. 167–210, og það efni sem þar er vísað til.

³² Kristín Margrét Jóhannsdóttir, „Það er baslari í borði í næstu dyrum: Um ensk áhrif á vesturíslensku“, *Lesið í bljóði fyrir Kristján Árnason sextugan 26. desember 2006*, Reykjavík: Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen, bls. 139–143.

³³ Kristján Árnason, „Að bera sér orð í munn: Hvenær verður orðið íslenskt?“, bls. 77–91; Þórdís Gísladóttir, „Hvað er tvítýngi?“, bls. 153–155.

íslenskra barna sem alast upp í tví- eða fjöltyngdu umhverfi,³⁴ auk þess sem málvíxl tvítyngdra Dana á Íslandi hafa verið athuguð.³⁵ Hvað varðar málvíxl í rafrænum samskiptum og/eða á samfélagsmiðlum hafa þau ekkert verið skoðuð í íslensku samhengi, eftir því sem næst verður komist. Í þessari grein er því haldið út á að mestu óplægðan íslenskan akur.

3 Aðferðir, gögn og greining

Þeim gögnum sem hér er unnið með var safnað innan ramma stærra rannsóknarverkefnis sem var ætlað að veita innsýn í þá sjálfsmynd sem íslensk ungmenni á framhaldsskólaaldri birta af sjálfum sér á Facebook.³⁶ Einn liður í þeirri mynd er málnotkun ungmennanna í stöðuuppfærslum (e. *status update*) og athugasemdum (e. *comment*) á facebook-síðum sínum og í þeim skilaboðum sem þau senda sín á milli í gegnum Messenger, spjallforritið sem tengt er Facebook. Hér er horft sérstaklega til málnotkunar ungmennanna í þessum samskiptum og þeirra málvíxla sem þar birtast.

Til að afla gagnanna var leitað til tveggja framhaldsskóla vorið 2015, annars vegar hefðbundins bóknámsskóla og hins vegar skóla sem býður upp á bæði bóknám og ýmiss konar verknám. Var það gert til að tryggja sem mesta breidd í nemendahópnum. Leyfi var fengið til að fara í skólana á skólatíma og líta inn í kennslustundir hjá bekkjum og námshópum til þess að kynna þar verkefnið og biðja þá nemendur sem höfðu áhuga um að taka þátt í því. Þeir sem gáfu sig fram fengu í kjölfarið kynningarbréf og skrifuðu undir upplýst samþykki sitt. Þess var gætt að nemendurnir kæmu af sem flestum námsbrautum og/eða -leiðum, til að tryggja ákveðna fjölbreytni, en að öðru leyti var ekki hugað sérstaklega að bakgrunni þeirra fyrir utan það að eingöngu var leitað til nemenda sem voru orðnir sjálfráða, þ.e. orðnir 18 ára. Með þessu móti fengust alls 92 nemendur til þátttöku, 48 nemendur úr öðrum skólanum og 44 úr hinum, og skiptingin var sú sama hvað varðar kynin, þ.e. 48 stúlkur og 44 drengir.

³⁴ Alma Sól Morelli, *Tvítyngi er í góðum málum: Skilgreining á tvítyngi og greining þess í ítalskri-íslenski fjölskyldu*, BA-ritgerð í íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands, 2019, <http://hdl.handle.net/1946/32775>; Sigrún Sveinsdóttir, „Ég er fullorðin á ensku...“: *Máltaka, mál og sjálfsmynd þrítýngdrar stúlku*, BA-ritgerð í almennum málvísindum við Háskóla Íslands, 2011, <http://hdl.handle.net/1946/8775>.

³⁵ Þóra Björk Hjartardóttir, „Bein ræða og málvíxl hjá tvítyngdum Dönun“, bls. 13–36.

³⁶ Verkefnið hafði vinnuheitnið „Sjálfsmyndarsköpun íslenskra ungmenna á samfélagsmiðlum“. Finnur Friðriksson og Andrea Hjálmsdóttir, „Birtingarmyndir sjálfsins á Facebook“, fyrirlestur fluttur á Ráðstefnu um íslenska þjóðfélagsfræði 18. apríl 2015.

Sjálf gagnasöfnunin fór þannig fram að sérstök Facebook-síða var útbúin í nafni verkefnisins og þegar nemendurnir höfðu fallist á þátttöku var þeim send vinabeiðni frá þeirri síðu. Þegar vinabeiðnin hafði verið samþykkt var síðan fylgst með öllum stöðuuppfærslum og athugasemdum nemendanna í þrjár vikur og þær skráðar. Á þessu þriggja vikna tímabili birtu nemendurnir alls 474 stöðuuppfærslur, eða 5,15 að meðaltali, og 321 athugasemd, eða 3,49 að meðaltali. Rétt er þó að nefna að virkni nemendanna var mjög mismikil. Þannig skrifuðu alls 19 nemendur enga stöðuuppfærslu á tímabilinu á meðan þeir tveir sem virkastir voru birtu annars vegar 23 og hins vegar 39 slíkar færslur. Bróðurpartur nemenda, 56 manns, birti þó á bilinu eina til tíu færslur. Þess ber einnig að geta að nokkur munur var á virkni kynjanna; stúlkur birtu að jafnaði 6,23 færslur á tímabilinu en strákar 3,98. Þetta mynstur endurtekur sig svo að mestu leyti í athugasemdunum. Tveir virkustu nemendurnir (sem eru þó ekki þeir tveir sem virkastir voru í stöðuuppfærslum) skrifuðu annars vegar 28 og hins vegar 44 athugasemdir á meðan alls 32 skrifuðu enga athugasemd. 50 nemendur skrifuðu svo á bilinu eina til tíu athugasemdir. Hér er einnig nokkur kynjamunur þar sem stúlkurnar skrifuðu að meðaltali 4,71 athugasemd en drengirnir 2,16. Alls geyma stöðuuppfærslur nemendanna 5.983 orð og athugasemdirnar 4.084 orð.

Eins og minnst er á í upphafi þessa kafla voru skrif nemenda sín á milli í Messenger-skilaboðum einnig tekin til athugunar. Þessi skilaboð sjást ekki með beinum hætti á Facebook-síðum nemendanna og því þurfti að biðja þá sérstaklega um að senda rannsakendum sýnishorn af þessum skrifum. Engin sérstök fyrirmæli voru gefin um eðli og inntak þessara skilaboða, sem helst má líkja við samtöl á skrifuðu formi, heldur var nemendum gefið sjálfðæmi um hvað þeir kærðu sig um að kæmi fyrir augu rannsakenda, ef þeir voru á annað borð reiðubúnir að leggja til efni af þessum toga. Þess var þó gætt að benda þeim á að fá leyfi þeirra sem þeir spjölluðu við hverju sinni til að láta efnið frá sér og þeir voru jafnframt beðnir um að taka út nöfn viðmælenda sinna. Alls 30 nemendur skiluðu dæmum um skrif þessarar gerðar. Þar var um að ræða mjög mislöng brot úr lengri samtölum sem þeir áttu við vini sína eða skólafélaga. Það stysta er aðeins 78 orð en það lengsta 3.580 orð. Alls geyma þessir spjallbútar 17.408 orð og meðallengd þeirra er því rétt um 580 orð. Umræðuefnið frá einu spjalli til annars er einnig ærið misjafnt; allt frá skólaverkefnum til skemmtanalífs, og talsvert er líka um að farið sé úr einu í annað innan sama spjallþráðar.

Að lokinni grunnúrvinnslu gagna var henni fylgt eftir með því að taka rýnihópaviðtöl, sem ætlað var að varpa skýrara ljósi á ýmis atriði sem þóttu

eftirtektarverð í gögnunum. Tekið var eitt viðtal í hvorum skóla, við sex þátttakendur í senn sem allir höfðu lagt til efni á fyrri stigum gagnasöfnunarinnar. Kynjadreifing í hvorum hóp um sig var jöfn. Í þessum viðtölum var ekki spurt sérstaklega um málvíxl en vikið nokkuð að almennri málnotkun nemendanna, þar með talinni enskunotkun þeirra, og meðvitund þeirra um hana.

Nafnleyndar var gætt við alla skráningu gagna. Þannig fékk hver þátttakandi sinn kóða við skráninguna og öll nöfn viðmælenda þeirra, og þau önnur nöfn einstaklinga sem komu fyrir, voru tekin út. Jafnframt var reynt eftir föngum að taka út úr skráningum aðrar upplýsingar sem leitt gætu til þess að einstaklingar þekktust. Rétt er svo að ítreka að þessum gögnum var safnað vorið 2015 og þau eru því ekki alveg ný af nálinni, ekki síst í samhengi hins síbreytilega rafræna umhverfis. Frá þessum tíma hafa þó ekki orðið neinar verulegar breytingar á umgjörð stöðuuppfærslna og athugasemda á Facebook, né heldur á Messenger-forritinu, og þær niðurstöður sem hér birtast ættu því að gefa nokkuð skýrar vísbendingar um hvernig Facebook-skrif líta út í dag, auk þess sem þær fela þá í sér tækifæri til samanburðar við nýrri gögn.

Gagnagreining fór þannig fram að öll málvíxl, eins og þau eru skilgreind innan ramma þessarar greinar (sjá umræðu í 2. kafla), voru greind út frá því hlutverki eða þeim tilgangi sem þau virtust þjóna hverju sinni. Við þessa hlutverkaflökkun var horft til fyrri rannsókna á sviðinu, svo sem Gumperz,³⁷ sem greint var frá hér ofar, en þó einkum rannsóknar Caparas og Gustilo³⁸ á málvíxlun filippseyskra háskólanema á Facebook. Flokkun þeirra byggir svo aftur á verkum Hoffmann³⁹ og Saville-Troike.⁴⁰ Þann ramma sem fékkst með þessu þurfti þó jafnframt að laga lítillaga að þeim dæmum sem fundust í þessari rannsókn og ýmist bæta við eða taka út flokkunarmöguleika eftir eðli dæmanna. Þannig er hér til að mynda gert ráð fyrir sérstökum flokki fyrir myndatexta, það er texta sem fylgir myndum eða tenglum sem viðkomandi málhafi deilir í stöðuuppfærslu, auk þess sem við töldum ástæðu til að skipta flokknum „vöntun á orðaforða“ upp í þrjá undirflokkka þar sem nokkur eðlismunur var á því hvernig sú vöntun birtist. Auk þessa er rétt að benda sérstaklega á að þær rannsóknir sem fengist hafa við flokkun af

³⁷ John J. Gumperz, *Discourse strategies*, bls. 75–83.

³⁸ Pilar Caparas og Leah Gustilo, „Communicative aspects of multilingual code switching in computer-mediated communication“, bls. 349–359.

³⁹ Charlotte Hoffmann, *An introduction to bilingualism*.

⁴⁰ Muriel Saville-Troike, *The ethnography of communication: An introduction*.

Þessu tagi virðast í flestum tilvikum gera ráð fyrir því að hvert dæmi geti aðeins fallið í einn flokk en við greiningu okkar töldum við einsýnt að mál-víxl gæti í mörgum tilvikum þjónað fleiri en einum tilgangi í senn og allmörg dæmi falla því hér í tvo eða jafnvel fleiri flokka, eins og nánar verður gerð grein fyrir í næsta kafla. Á endanum stóðum við uppi með eftirfarandi flokka hlutverka:

Hlutverk	Skýring	Dæmi
Áhersla	Gripिð er til ensku til þess að leggja aukna áherslu á tiltekinn hluta segðar.	Ja get ekki <i>fucking</i> beðið
Upphrópun	Enska er notuð í upphrópun, þ.e. til að blóta eða tjá sterka undrun, hneykslun, kæti o.s.frv.	<i>omg</i> þarf að segja þer [Nafn] systir er ÓLÉTT
Endurtekning	Enska er notuð til að endurtaka efni segðar eða hlutar af henni, með það fyrir augum að ítreka eða skýra skilaboðin sem í henni felast.	algjörlega top maður <i>top notch entertainer ent-ertains bis entertain-ment is a way of life</i>
Enska fyrir athygli	Enska er notuð til að styrkja eða tryggja að ákveðin ummæli vekji þá athygli sem málhafi ætlar þeim að vekja hjá viðmælandanum.	Hver í <i>fuckanum</i> er þetta?
Leikur	Enska er notuð í leikrænum og/eða gáska-fullum tilgangi.	...reyndar eins og allir tónlistarmenn fæddir eftir 92' kyndilberar klámkynslóðarinnar <i>but first let me take a</i> geiri
Styrking tengsla	Enska er notuð til að tjá væntumþykju eða undirstrika með öðrum hætti bein tengsl á milli viðmælenda.	Frábær mynd! Takk elsku besta blóm! <i>Love you baby!</i> Sé þig á morgun
Efning/úrdráttur	Enska er notuð til að ýmist draga úr eða undirstrika styrk staðhæfingar, fyrirmæla, óskar o.s.frv.	...ef það eru athuga-sendir um þáttinn þá <i>plís</i> gagnrýnið hann...
Afmörkun skilaboða	Enska er notuð til nánari útskýringa á efni segða/r sem á undan fara.	Þetta er alltaf fyndið! <i>Never gets old.</i>

Ákveðið umræðuefni	Tiltekin umræðuefni geta kallað á að skipt sé úr íslensku yfir á ensku, sérstaklega þegar vísað er til undangenginnar umræðu.	<i>Hoopin with the lil one!</i> (vísun í körfuboltasamhengi)
Vöntun á orðaforða A	Hrein þörf: Sértaekt umræðuefni, t.d. um tölvuleiki, tækni eða poppmenningu, kallar á enskunotkun.	... þá er þetta fínt á <i>next-gen</i> vélunum
Vöntun á orðaforða B	Þægindi/óformlegheit: Enska er notuð til að forðast lengra og flókna orðalag til að tjá sömu merkingu á íslensku, eða til að draga úr formlegheitum eða hátíðleika þess sem sagt er.	Mögulega besta <i>combo</i> sem hefur komið saman
Vöntun á orðaforða C	Tilviljun: Enska (oftast stök orð eða orðasambönd) er skotið inn tilviljunarkennt í samskiptin, að því er virðist einfaldlega vegna þess að viðkomandi orð eða orðasamband er þá stundina einhverra hluta vegna nærtækara í huga málhafans hverju sinni.	hvað ertu lengi að <i>wit-drawa</i> pening frá 365?
Ávarp	Enska er notuð til að ávarpa viðmælanda/ur beint, hvort heldur er í tveggja manna spjalli eða til að merkja einhvern einn (eða fleiri) í opnari samskiptum (í stöðuuppfærslum eða athugasemdum)	heyyyyy <i>love</i>
Tilvitnun	Vitnað er orðrétt í þekkt ummæli, orðasambönd eða málshætti eða í ákveðið efni sem til staðar er í samtalsumhverfi nemendanna. t.d. námsefni, heimildir, popplagatexta o.fl.	Veit einhver hvað <i>„nymphal gills“</i> eru á íslensku?
Myndatexti	Enska er notuð, að hluta eða í heild, í texta sem fylgir myndum eða tenglum sem viðkomandi málfafi deilir í stöðuuppfærslu.	dis gurl is my bestie

Tafla 1: Flokkar hlutverka málvíxla

Vert er að hafa í huga að flokkun af þessu tagi verður alltaf að talsverðu leyti huglæg og að mörkin á milli flokka eru í sumum tilvikum nokkuð fljótandi, eins og væntanlega má sjá hér fyrir ofan. Sem fyrr segir var gagnanna ekki

aflað sérstaklega með málvíxl í huga og því til að mynda ekki spurt sérstaklega um þau í þeim rýnihópaviðtölum sem tekin voru, en gagnlegt hefði verið að hafa til hliðsjónar sjónarhorn þátttakenda sjálfra á tilgang málvíxla þeirra. Höfundar reyndu þó að mæta þessu eins og kostur var með því að flokka hlutverkin fyrst hvor í sínu lagi og fara síðan sameiginlega yfir þau og ræða þá sérstaklega um þau álitamál sem upp komu.

4 Niðurstöður; hlutverk og umfang málvíxla

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir niðurstöðum rannsóknarinnar. Fyrst verður í kafla 4.1 gefið tölulegt yfirlit yfir umfang enskunotkunar í gagnasafni okkar og síðan heildaryfirlit yfir hvernig málvíxlin skiptast niður á þá flokka sem lýst var í kaflanum hér á undan. Í köflum 4.2.1–4.2.3 verða loks sýnd og rædd dæmi um hvernig málvíxl birtast innan hvernar þeirra þriggja textategunda sem við sögu koma, það er stöðuuppfærslna, athugasemda og skilaboða eða spjalls, til að gefa eins heildstæða mynd af birtingarmyndum málvíxla í samskiptum ungmenna á Facebook og knappt greinarformið leyfir. Þessari þrískiptingu gagnasafnsins er raunar fylgt eins og kostur er í allri þeirri umfjöllun sem hér fer á eftir þar sem nokkur eðlismunur er á textategundum þremur, sem aftur má ætla að leiði af sér mun þeirra á milli varðandi umfang og hlutverk málvíxla.

4.1 Umfang enskunotkunar

Tafla 2 sýnir yfirlit um enskunotkun í öllu gagnasafninu, það er að segja fjölda og hlutfall orða sem við flokkum undir blöndun og víxl í stöðuuppfærslum, athugasemdaþráðum og samtölum. Hvert enskt orð er talið sérstaklega, hvort sem það stendur stakt eða innan lengra orðasambands eða setningar á ensku.

	Fjöldi dæma (orð)	Heildarorðafjöldi	Hlutfall ensku
Stöðuuppfærslur	127	5.983	2,12%
Athugasemdir	115	4.084	2,82%
Samtöl	589	17.408	3,38%

Tafla 2: Enskunotkun í mismunandi textaflokkum.

Hér kann að koma á óvart að hlutfall ensku er almennt tiltölulega lágt eða 3,02% að meðaltali fyrir flokkana þrjá í töflunni. Notkun ensku er minnst,

rúmlega 2%, í almennum stöðuuppfærslum sem birtast á svokölluðum Facebook-vegg og allur vinahópur viðkomandi notanda getur séð. Athugasemdir við stöðuuppfærslur og umræður sem skapast út frá þeim eru líka sýnilegar öllum vinum en þar er ummælum oftast beint til eins eða fárra viðtakenda. Málvarið í athugasemdunum er talsvert enskuskotnara en í stöðuuppfærslunum eða tæplega 3%. Í samtölum tveggja vina er hlutfall enskra orða síðan hátt í 3,5%. Gera má ráð fyrir að stöðuuppfærslurnar séu formlegasta málumhverfið, síðan athugasemdirnar og loks samtölin. Þessar heildartölur koma því vel heim og saman við þá hugmynd að málnotendur grípi almennt frekar til ensku við óformlegar málaðstæður.⁴¹ Frekari staðfestingu þessa má svo finna í rýnihópaviðtölunum. Þegar nemendur þar voru spurðir að því hversu meðvitaðir þeir væru um málnotkun sína í skrifum á Facebook svörðu þeir því til að ef þeir deildu einhverju þar, það er í stöðuuppfærslu, reyndu þeir að „hafa allt málfræðilega rétt, googla alla stafsetningu og allt svona“, og að þeir notuðu ekki ensku í þessu samhengi nema „bara í djóki“. Á þessu slaknaði hins vegar eftir því sem hópurinn sem skilaboðunum er beint að er lokaðri og „í einkaspjallinu þá leyfir maður sér að liggur við hlaupa tungumálanna á milli þannig ég get verið með íslensku, ensku og þýsku bara þegar hugtökin eiga best við.“

Ofangreind meðaltöl segja þó ekki alla söguna. Ef litið er sérstaklega á samtölin kemur t.d. í ljós að í sumum þeirra er enskunotkun hverfandi, allt niður í 0,16% í samtali um heimaverkefni (3 orð af alls 1.875). Hæst fer hlutfall enskra orða hins vegar í 30,47% í nokkuð galsafengnu samtali tveggja stráka. Í öðrum samtölum er hlutfallið nær meðaltalinu. Í þessu sambandi skiptir einnig máli hvert umræðuefnið er eins og nánar verður vikið að hér á eftir.

4.2 Hlutverk málvíxla

Víkjum þá að hlutverkum málvíxlanna. Í *töflu 3* má sjá yfirlit um alls 15 mismunandi hlutverk enskunotkunar í stöðuuppfærslum, athugasemdum og samtölum (hlutfallstölur yfir 10% feitletraðar). Vert er að hafa í huga að sama dæmi gat fengið fleiri en eina greiningu eins og áður var nefnt. Einnig er rétt að nefna að hér vísar fjöldadálkurinn til fjölda dæma um málvíxl innan hvers hlutverkaflokks, og hvert dæmi getur innihaldið allt frá stöku orði sem víxlað er upp í orðsambönd, setningar og jafnvel lengri einingar.

⁴¹ Helga Hilmisdóttir, „Íslenskt unglíngamál í alþjóðlegu samhengi“, bls. 62–64.

	Stöðuuppfærslur		Athugasemdir		Spjall	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Áhersla	4	3,45%	17	16,67%	56	12,81%
Upphrópun	7	6,03%	24	23,53%	37	8,47%
Endurtekning	2	1,72%	3	2,94%	7	1,60%
Enska fyrir athygli	7	6,03%	3	2,94%	9	2,06%
Leikur	17	14,66%	3	2,94%	64	14,65%
Styrking tengsla	4	3,45%	26	25,49%	7	1,60%
Efling/úrdráttur	1	0,86%	2	1,96%	27	6,18%
Afmörkun skilaboða	6	5,17%	3	2,94%	8	1,83%
Ákveðið umræðuefni	3	2,59%	0	0%	8	1,83%
Vöntun á orðaforða A	15	12,93%	11	10,78%	73	16,70%
Vöntun á orðaforða B	13	11,20%	5	4,90%	49	11,21%
Vöntun á orðaforða C	4	3,45%	1	0,98%	61	13,96%
Ávarp	0	0%	2	1,96%	5	1,14%
Tilvitnun	4	3,45%	2	1,96%	26	5,95%
Myndatexti	29	25,00%	0	0%	0	0%

Tafla 3: Hlutverk málvíxla í mismunandi textaflokkum.

Þegar litið er yfir heildartölur í einstökum flokkum (lóðrétt) má til dæmis sjá að enska er oft notuð með myndum í stöðuuppfærslum en það hlutverk kemur ekki við sögu í hinum flokkunum. Meginskýringu þessa má líklega finna í rýnihópaviðtölunum en þar kemur fram að nemendurnir skrifa helst ekki einfaldar stöðuuppfærslur („plain status“) heldur birta oftast í stöðuuppfærslum sínum myndir eða hlekki ásamt stuttum skýringartexta, sem geymir þá oftast en ekki ensku í fyrrnefndu „djóki“. Vöntun á orðaforða A (hrein þörf) og B (þægindi/óformlegheit) er einnig algeng í stöðuuppfærslum og sömuleiðis leikur. Í athugasemdum vekur athygli hátt hlutfall styrkingar tengsla en flest dæmin tengjast raunar tíðri enskunotkun af því tagi hjá tilteknum málhafa á einum og sama athugasemdaþræðinum (viðbrögð við afmælistkveðjum). Önnur áberandi hlutverk í athugasemdum eru upphrópun, áhersla og vöntun á orðaforða A (hrein þörf). Í samtölunum er

vöntun á orðaforða A (hrein þörf) og B (þægindi/óformlegheit) mjög algeng og sömuleiðis upphrópanir og vöntun á orðaforða C (tilviljun). Þegar lítið er á einstök hlutverk (lárétt) sést vel að nokkur þeirra koma yfirhöfuð lítið við sögu. Þetta gildir einkum um endurtekningu, ávarp og ákveðið umræðuefni en tilvitnanir, efling/úrdráttur, enska fyrir athygli og afmörkun skilaboða eru líka fremur lítið áberandi hlutverk. Þá er ónefnd skörun hlutverka. Í stöðu-uppfærslunum var algengast að hlutverkið myndatexti skaraðist við vöntun orðaforða og leik. Í athugasemdunum sköruðust helst styrking tengsla og upphrópanir annars vegar og vöntun á orðaforða og leikur hins vegar. Leikur og vöntun orðaforða voru einnig mjög áberandi í samtölunum og þau hlutverk fóru gjarnan saman.

4.2.1 Stöðuuppfærslur

Eins og sjá má í töflu 2 hér að framan innihélt þessi textaflokkur alls 5.983 orð og hlutfall ensku var 2,12% (127 orð). Algengt var að enska væri notuð í myndatexta (29 dæmi) og þá gjarnan í tengslum við leik eða vöntun á orðaforða A (hrein þörf) og B (þægindi/óformlegheit). Af öðrum hlutverkum má nefna upphrópanir (7 dæmi), ensku fyrir athygli (7 dæmi) og afmörkun skilaboða (6 dæmi). Aðrar greiningar komu fjórum sinnum eða sjaldnar fyrir. Í *töflu 4* má sjá nokkur dæmi um enskunotkun í stöðuuppfærslum þar sem hlutverkin áhersla, upphrópun, endurtekning, enska fyrir athygli, leikur og styrking tengsla eru í fyrirrúmi þótt fleiri hlutverk komi við sögu (sjá nánar hér á eftir). Þrjú dæmi af sex eru jafnframt myndatextar.

Texti	Hlutverk
(1) Go for it!	Áhersla
(2) Helgarfrí öðru nafni vinnutörn. <i>Here I come!</i>	Upphrópun Leikur
(3) Sunday, lazy Sunday	Endurtekning Myndatexti
(4) Ég bíð og bíð eftir að þetta lag komi út. Ég jafnvel býð í það að það komi út. Fyrir mér er þetta kapphlaup hvort komi út á undan, ný plata Heimir Rappari eða Messierfönkið hans Kött Grá Pje... Undirritaður er <i>self-hyping</i> grimmt. Spennufallið verður massíft þegar útgáfuhjólin byrja að snúast.	Enska fyrir athygli Vöntun á orðaforða B (þægindi/óformlegheit)

- (5) Kynþokkafyllsti maður íslands fundinn! *Like if he is bot* Leikur
Myndatexti
- (6) *dis gurl is my bestie* Styrking tengsla
Myndatexti

Tafla 4: Dæmi um enskunotkun í stöðuuppfærslum: Áhersla, upphrópun, endurtekning, enska fyrir athygli, leikur, styrking tengsla.

Í dæmi (1) er enskufrasinn notaður sem sjálfstæð eining með vísun í hlekk þar sem viðkomandi þátttakandi hvetur vini sína til að taka þátt í spurningaleik um sjálfan sig. Dæmi (2) sýnir vel hvernig enskan sprettur upp sem áhersluauki; í þessu tilviki sem gáskafull upphrópun til að lýsa yfir ánægju með að vera komin(n) í helgarfrí. Dæmi (3) er myndatexti og um leið tvítekinn frasi sem dregur enn frekar fram letilífsstemninguna á myndinni sem fylgir færslunni. Í (4) virðist „self-hyping“ notað til að tryggja að ummælin veki tilátlaða athygli en notkunin stafar jafnframt af skorti á samsvarandi íslensku orði. Í (5) birtir viðkomandi málhafi mynd af (nývöknudum) vini sínum og notar myndatextann til að undirstrika ákveðinn galsa eða fíflang. Enskunotkunin þjónar sem sagt því hlutverki að leika sér og hafa gaman, sbr. umræðu í inngangi um tengsl ensku við skemmtun og afþreyingu. Í dæmi (6) má síðan sjá skýrt dæmi um hvernig enskan er gjarnan notuð til að sýna væntumþykju en um leið til að skapa ákveðna fjarlægð, e.t.v. til að forðast það sem gæti skilist sem væmni. Þótt dæmi (1) og (4) séu ekki merkt sem myndatextar í *töflu 4* má segja að þau séu af þeim toga þar sem þau eru notuð til að vísa í hlekk.

Í *töflu 5* eru sýnd dæmi um enskunotkun sem gegnir hlutverkunum efling/úrdráttur, afmörkun skilaboða og ákveðið umræðuefni. Eitt dæmi af fimm er jafnframt myndatexti og eins og áður koma önnur hlutverk líka fyrir.

Texti	Hlutverk
(7) Þátturinn á morgun verður jafn sexý og þessi mynd. Keyrslan verður frá kl 16:00-18:00 á fimmtudag en ekki föstudag vegna mikilla anna. 98,9 stillið inn kæru vinir og ef það eru athugasemdir um þáttinn þá <i>plús</i> gagnrýnið hann. Við elskum gagnrýni.	Efling/úrdráttur Vöntun á orðaforða B (þægindi/óformlegheit)

<p>(8) Þetta lýsir líklega best hversu mikil lofthræðsla mín er þegar pabbi henti mér í eitthvað <u>xtream</u> trampólín tæki á [land, ár] þar sem flestir hoppa tæpa 20 metra uppi loftið, ég lét mér duga sirka 2m. Pabbi gerði þó heiðarlega tilraun til þess að slá á lofthræðsluna með að öskra alskonar orðum sem lýstu vonsvikni hans. <u>Golden moment</u></p>	<p>Afmörkun skilaboða Myndatexti</p>
<p>(9) Hoopin with the lil one! #bball #basket #lilbro @NN</p>	<p>Ákveðið umræðuefni Styrking tengsla</p>
<p>(10) Veit einhver hvað „<u>nymphal gills</u>“ eru á íslensku?</p>	<p>Tilvitnun Vöntun á orðaforða A (hrein þörf) (beiðni um hjálp)</p>

Tafla 5: Dæmi um enskunotkun í stöðuuppfærslum: Efling/úrdráttur, afmörkun skilaboða, ákveðið umræðuefni.

Í dæmi (7) virðist enskan vera talin sterkari til að undirstrika þungann í óskinni en um leið losa málhafann undan því að vera formlegur eða uppskrúfaður. Í (8) má sjá dæmi um hvernig stuttur enskur frasi er notaður til að undirstrika merkingu eða inntak lengri texta á íslensku. Í dæmi (9) má sjá hvernig viðkomandi þátttakandi virðist telja eðlilegra að tala um körfubolta á ensku, og er þá væntanlega að vísa óbeint í umræðu um NBA-deildina í Bandaríkjunum. Dæmi (10) felur í sér beina tilvitnun í textann sem þátttakandinn er að vinna með og sýnir um leið að hann er meðvitaður um tilvitnunina þar sem hún er auðkennd með gæsalöppum.

Í *töflu 6* eru síðan nokkur dæmi um að enskunotkun í stöðuuppfærslum tengist á einhvern hátt vöntun á orðaforða. Tvö dæmi af fimm eru jafnframt myndatextar.

Texti	Hlutverk
<p>(11) Fyrir utan að <u>Gamma</u> stillingarnar á Xbox One virðast vera gjörólíkar hinum þá er þetta fínt á <u>next-gen</u> vélunum og síðan er Pc besta útgáfan, þó munurinn sé ekki endilega epískur</p>	<p>Vöntun á orðaforða A (hrein þörf)</p>

(12) Síminn minn að fá flogakast! Alltaf þegar ég sting honum í hleðslu þá er eins og hann detti úr hleðslu, með tilheyrandi blikki og hljóðum, og síðan kemur að „ <i>car mode</i> “ sé sett í gang og eitthvað þvílíkt rugl. Einhver ráð?	Vöntun á orðaforða A (hrein þörf)
(13) Mögulega besta <i>combo</i> sem hefur komið saman	Vöntun á orðaforða B (þægindi/óformlegheit) Myndatexti
(14) Keyrslan 98,8 kl 15:00 í dag <i>Time in</i> . Það verður fullmannað stúdíóið í dag. Tískuhorn [Nafn] á sínum stað ásamt öllu hinu. [Nafn] verður að sjálfsgöðu janrauðhærður og alltaf.	Vöntun á orðaforða B (þægindi/óformlegheit)
(15) Við vinkonurnar kunnum alveg að sukka smá þegar við hittumst. . en auðvitað sjúklega <i>healthy</i> þess á milli	Vöntun á orðaforða C (tilviljun) Myndatexti

Tafla 6: Dæmi um enskunotkun í stöðuuppfærslum: Vöntun á orðaforða (A, B, C).

Í dæmum (11) og (12) eru notuð ensk orð þar sem ekki eru til orð á íslensku um viðkomandi hluti eða þá að viðkomandi málfafi þekkir þau ekki og gæsalappirnar sýna að hann er meðvitaður um eigin enskunotkun. Í (13) og (14) má vel hugsa sér íslensk orð í staðinn en þau orð hefðu væntanlega á sér þunglamalegri eða formlegri blæ. Í (14) er líka verið að vísa í alþjóðlegt útvarpssamhengi; „vertu stilltur“ eða eitthvert slíkt orðalag gæti þótt of stíft eða formlegt. Í (15) ætti í sjálfu sér auðveldlega að vera hægt að nota samsvarandi íslenskt orð en þetta er af einhverjum ástæðum það orð sem skýtur fyrst upp kollinum hjá viðkomandi málfafa.

4.2.2 *Athugasemdir*

Eins og fram kom í kafla 4.1 innihélt þessi textaflokkur alls 4.084 orð og hlutfall ensku var 2,82% (115 orð). Algengustu hlutverk enskunotkunar voru styrking tengsla (26 dæmi), upphrópun (24 dæmi), áhersla (17 dæmi) og vöntun orðaforða A (hrein þörf) (11 dæmi) og vöntun á orðaforða B (þægindi/óformlegheit) (5 dæmi). Aðrar greiningar komu fyrir þrisvar eða sjaldnar. Flest dæmin um styrkingu tengsla voru raunar frá sama þátttakanda sem var að þakka vinum sínum fyrir afmæliskveðjur og greip þá gjarnan til frasa á borð við „Love you“.

Í *töflu* 7 má sjá nokkur dæmi um enskunotkun í athugasemdum þar sem hlutverkin áhersla, upphrópun, endurtekning, enska fyrir athygli, leikur og styrking tengsla eru í fyrirrúmi þótt fleiri hlutverk komi við sögu.

Texti	Hlutverk
(16) <i>Lots of hate</i> <3 nei úps <i>love</i>	Áhersla Styrking tengsla
(17) Mjög svo fallegar myndir! <i>Four for you, [Nafn]. You go, [Nafn]</i>	Endurtekning Áhersla
(18) Okey <i>wtf</i> [Nafn], ertu að skoða gamlar myndir af mér ? hahaha	Upphrópun
(19) Held að ég hafi reddað þessu, tók kortið og batteríð og hann er allavega til friðs núna, og hleðst. <i>Thank god!</i> Hef virkilega ekki efni á því að laga þennan, hvað þá kaupa nýjan	Upphrópun
(20) Þyngri en E-63 ?? <i>doubt it</i>	Enska fyrir athygli
(21) Jébb <i>keep up the good work</i> [Nafn]	Leikur
(22) Frábær mynd! Takk elsku besta blóm! <i>Love you baby!</i> Sé þig á morgun	Styrking tengsla Áhersla Upphrópun

Tafla 7: Dæmi um enskunotkun í athugasemdum: Áhersla, upphrópun, endurtekning, enska fyrir athygli, leikur, styrking tengsla.

Hér eru á ferð sömu hlutverk og í *töflu* 4 nema að ekki er lengur um að ræða stöðuuppfærslur með myndum. Dæmi (16) sýnir á svipaðan hátt og (6) hér að framan hvernig enskan er notuð til að skerpa á tengslum en um leið halda ákveðinni tilfinningalegri fjarlægð. Í (17) er enskan notuð til að ítreka undanfarandi skilaboð og hvetja viðtakandann áfram. Í (18) og (19) má sjá hvernig ensk upphrópun nýtist til að sýna undrun og létti. Í (20) mætti auðvitað vel hugsa sér að segja „Það efast ég um“ eða eitthvað í þá veru en enskan virðist notuð til þess að undirstrika efan. Dæmi (21) felur í sér kaldhæðnislegt niðurlag á samtali þar sem mælandinn er að gera góðlátlegt grín að viðmælandanum og vísar í atvik þar sem hann hafði ekki staðið sig tiltakanlega vel. Dæmi (22) felur í sér eina af mörgum athugasemdum frá sama þátttakanda til að tjá þakklæti og væntumþykju án þess að vera með of mikla tilfinningasemi, samanber umræðuna hér að framan. Þess má einnig

sjá merki að eftir því sem viðmælendurnir eru eldri og standa nær henni er hún líklegri til að nota íslensku til að tjá það sama.

Í *töflu 8* eru svo sýnd dæmi um enskunotkun sem gegnir hlutverkunum efling/úrdráttur, afmörkun skilaboða, ávarp, tilvitnun og vöntun á orðaforða (A (hrein þörf), B (þægindi/ óformlegheit), C (tilviljun)).

Texti	Hlutverk
(23) Hehe. <u><i>Sorrymemmig. Random add</i></u>	Úrdráttur (afsökun) Vöntun á orðaforða A (hrein þörf)(útskýring)
(24) Þetta er alltaf fyndið! <u><i>Never gets old.</i></u>	Afmörkun skilaboða
(25) Wow wow þvilíkt teymi! Væri ekkert á móti því að skola einum niður með þér <u><i>king</i></u> [Nafn]! En takk fyrir kallinn minn!	Ávarp Styrking tengsla
(26) Þegar ég las „[Nafn] <u><i>added a photo of you</i></u> “ ta stressaðist eg þvilíkt upp hvað þá þeat þær eru 5!! Haha en takk fyrir elsku uppahalds kallinn minn	Tilvitnun
(27) Ég skil þig algjörlega, Clapton <u><i>touchið</i></u> virkar	Vöntun á orðaforða A (hrein þörf)
(28) OH hversu mikið sakna ég þín? Takk elsku besta [Nafn] mín! Við tókum bráðlega gott <u><i>cbill</i></u> og þetta lag! Elska þig af öllu hjarta	Vöntun á orðaforða B (þægindi/óformlegheit)
(29) HAHAAH mogulega bestu <u><i>moment</i></u> lífs mins að liggja uppi rummi með þer a hotel [Nafn] og hlægja yfir þessu meistaraverki! Takk fyrir elsku kallinn minn	Vöntun á orðaforða C (tilviljun) Enska fyrir athygli Leikur

Tafla 8: Dæmi um enskunotkun í athugasemdum: Efling/úrdráttur, afmörkun skilaboða, ávarp, tilvitnun og vöntun á orðaforða (A, B, C).

Í dæmi (23) er „sorry“ notað til að biðjast afsökunar, kannski vegna þess að það er ekki eins „alvarlegt“ og að segja *afsakaðu* eða *fyrirgefðu*. Í (24) er skýrt að málnotandinn er að afmarka hversu fyndið umræðuefnið er með eins konar endurtekningu. Dæmi (25) sýnir hvernig málhafinn notar enskt ávarp til að merkja sérstaklega einn viðmælanda á viðkomandi athugasemda-

þræði. Í (26) er tilvitnun notuð með mjög svipuðum hætti og í (10) hér að framan þar sem málhafinn er að vísa í dæmi sem hann er með fyrir framan sig, afmarkar með gæsalöppum og undirstrikar með því að það sé ekki hægt að þýða textann. Í dæmi (27), og raunar (23) líka (Facebook-vísun), sjáum við svipaða enskunotkun og í (11) og (12) hér að framan þar sem vandséð er hvaða íslenskt orð með sömu merkingu gæti komið í staðinn. Í (28) má auðvitað hugsa sér orð eins og *slökun* eða *afslöppun* eða eitthvað slíkt en „chill“ virðist undirstrika óformlegheitin á milli þessara viðmælenda. Í dæmi (29) er, á svipaðan hátt og í (15), vel hægt að hugsa sér sambærilegt íslenskt orð en „moment“ virðist vera það sem er hendi næst á þeirri stundu, og má hér hafa í huga umræðuna í kafla 2 um að málvíxl gegni ekki alltaf einhverju skýru hlutverki heldur geti líka átt sér stað nokkuð handahófskennt.

4.2.3 Spjall

Eins og fram kom í kafla 4.1 var þessi textaflokkur langstærstur eða 17.408 orð og hlutfall ensku var 3,38% (589 orð). Algengustu hlutverk enskunotkunar í samtölum voru í þessari röð: Vöntun á orðaforða A (hrein þörf) (73 dæmi), leikur (64 dæmi), vöntun á orðaforða C (tilviljun) (61 dæmi), áhersla (56 dæmi), vöntun á orðaforða B (þægindi/óformlegheit) (49 dæmi), upphrópun (37 dæmi), efling/úrdráttur (27 dæmi), tilvitnun (26 dæmi). Aðrar greiningar komu fyrir níu sinnum eða sjaldnar.

Lítum fyrst á vöntun á orðaforða A (hrein þörf), B (þægindi/óformlegheit), C (tilviljun) þar sem þau hlutverk voru mjög áberandi í samtölunum. *Tafla 9* sýnir dæmi af þeim toga.

Texti	Hlutverk
(30) <i>saveaðu storyið</i> þitt og sendu mér það	Vöntun á orðaforða A (hrein þörf)
(31) er hægt að <i>signa</i> sig inn á sinn <i>account</i> og <i>downloada</i> leik aftur... I aðra tölvu	Vöntun á orðaforða A (hrein þörf)
(32) Ok bara <i>beil</i> á finnlendi þá, við erum búin að eyða allt of miklu púðri í þetta nú þegar.	Vöntun á orðaforða B (þægindi/óformlegheit)
(33) Endilega að spyrja svo við eigum ca. svör yfir hversu mörg pláss við eigum fyrir <i>local</i> folk	Vöntun á orðaforða B (þægindi/óformlegheit)

- (34) tók smá *powernap* fyrir leikinn Vöntun á orðaforða C
(tilviljun)
- (35) hvað ertu lengi að *withdrawa* pening frá 365? Vöntun á orðaforða C
(tilviljun)

Tafla 9: Dæmi um enskunotkun í samtölum: Vöntun á orðaforða (A, B, C).

Í (30) og (31) eru skýr dæmi um að ensk orð séu notuð innan sértæks samhengis, í þessu tilviki umræðu um tölvur og tölvuleiki þar sem grunnhverfið er enskt, og líklegt má telja að málhafanum þyki beinlínis ankannalegt að tjá sig um það á íslensku. Í dæmum (32) og (33) má sjá hvernig stök ensk orða leysa af hólmi flóknari eða formlegri framsetningu á íslensku. (34)–(35) eru svo dæmi um að enskan sé einhverra hluta vegna nærtækust í viðkomandi samhengi, án þess að nokkur sérstök ástæða blasi við. Þetta er sambærilegt við það sem við sáum í (15) og (29) hér að framan. Samantekið eru þessi dæmi um vöntun á orðaforða í spjalli ekki síst áhugaverð í ljósi fyrrgreindra orða nemendanna í rýnihópaviðtölunum um að þeir leyfi sér helst í þessu samhengi að „hlaupa tungumálanna á milli“ eftir því hvaða orð eða orðasambönd eiga best við. Þessi „hlaup“ þeirra má svo eflaust rekja að talsverðu leyti til hins óformlega umhverfis þar sem spjallið fer fram í samtíma, með tilheyrandi hraða.

Í *töflu 10* eru dæmi um enskunotkun í samtölum þar sem hlutverkin áhersla, upphrópun, enska fyrir athygli, leikur og styrking tengsla eru í forgrunni.

Texti	Hlutverk
(36) ja get ekki <i>fucking</i> beðið	Áhersla
(37) <i>omg</i> þarf að segja þer hahahaha [Nafn] systir er ÓLÉTT	Upphrópun
(38) hver í <i>fukkanum</i> er þetta?	Upphrópun Enska fyrir athygli
(39) hæ samningaviðræður kl. 13 á föstudaginn and <i>i'm going on a date tomorrow night</i> ^^ víj	Leikur
(40) <i>wanna do nothing?</i>	Leikur
(41) já <i>baby</i> ...svo þarf ég gað geta allt aftur í splinger cell hehe	Styrking tengsla

Tafla 10: Dæmi um enskunotkun í samtölum: Áhersla, upphrópun, enska fyrir athygli, leikur, styrking tengsla.

Í (36) er „fucking“ greinilega skotið inn til áhersluauka. Þarna er setningarleg staða orðsins einnig enskuleg ef svo má segja þar sem íslenskt orð á borð *fjandakornið* yrði að koma strax á eftir persónubeygðu sögninni. Í (37) og (38) eru dæmi um upphrópanir sem undirstrika spenning og eftirvæntingu annars vegar og hneykslun hins vegar þar sem um leið virðist þykja sterkara að nota enska orðið, þótt það sé vissulega lagað að íslensku. Í (39) er greinilega verið að tjá fregnir af væntanlegu stefnumóti á léttum nótum, sbr. oddklofana og upphrópunina *víj*. Dæmi (40) er liður í lengra spjalli þar sem auðveldlega væri hægt að nota íslensku en enskan virðist notuð til að undirstrika sprell og léttleika í spjalli tveggja vina. Í (41) virðist „já baby“ þjóna svipuðu hlutverki og í (22), það er að segja að láta í ljós vinsemd án þess að það verði of hástemmt.

Í *töflu 11* eru svo sýnd dæmi um enskunotkun sem gegnir hlutverkunum efling/úrdráttur, afmörkun skilaboða, ákveðið umræðuefni, ávarp og tilvitnun.

Texti	Hlutverk
(42) <i>sorry</i> hvað g var skritinn I simanum en ju <i>ofcourse</i> máttu	Efling/úrdráttur Áhersla Efling/úrdráttur Áhersla Styrking tengsla
<i>joina</i> , ef eg veit hvar við verðum þá myndi ég segja þer það, þetta er allt svo óljóst	Vöntun á orðaforða B (þægindi/óformlegheit)
(43) Ert þu alltaf að splæsa eða? <i>Money machine</i>	Afmörkun skilaboða
(44) <i>whatever floats your boat I guess</i> haha	Ákveðið umræðuefni Vöntun á orðaforða B (þægindi/óformlegheit) Tilvitnun
(45) heyyyyy <i>love</i>	Ávarp
(46) Ég fór í „ <i>I'm terribly sorry</i> “ sálfræði þakkann og útskýrði hvernig mínar aðstæður eru enda hefur ekki verið mikill tími til stefnu.	Tilvitnun
(47) En reiturinn er <i>required</i> , skiptir það engu?	Vöntun á orðaforða A (hrein þörf) Tilvitnun

Tafla 11: Dæmi um enskunotkun í samtölum: Efling/úrdráttur, afmörkun skilaboða, ákveðið umræðuefni; ávarp, tilvitnun.

Í (42) má sjá hvernig „sorry“ er notað til að biðjast afsökunar og tóna niður ákveðinn árekstur í símtalinu sem vísað er til. „Of course“ vegur svo aftur upp á móti þeim vandræðagangi með því að styrkja það leyfi sem veitt er fyrir því sem er verið að undirbúa í samtalinu. Í (43) afmarkar „Money machine“ með enn skýrari hætti hvernig sá sem talað er við getur staðið undir þeim fjárútlátum sem rætt er um þar á undan. Í (44) er vísað í enskumælandi kvikmynda- eða þáttasamhengi þar sem rætt er um sambönd og stefnumót og þess háttar og þar með verður enskan nærtæk á svipaðan hátt og við sáum í dæmi (9) þar sem vísað var í bandarískan NBA-körfubolta. Í (45) þjónar ávarpið því hlutverki að hefja samtal við vin og í leiðinni að styrkja tengslin. Við sáum svipað dæmi úr athugasemdum hér að framan, sbr. (25), en eðli málsins samkvæmt koma ávörp af þessu tagi ekki fyrir í stöðuuppfærslum því að þær eru opnar og þar er sjaldnast talað beint til tiltekinna viðmælenda. Dæmi (46) og (47) sýna tvær mismunandi notkunarleiðir tilvitnana. Í því fyrra notar málfafinn frasa sem hann hefur greinilega gripið beint úr ensku samhengi, sbr. gæsalappir, og skýtur honum inn í nafnlið sem að öðru leyti er íslenskur. Í því seinna er orðið „required“ notað þar sem málfafinn er, þegar spjallið á sér stað, að fylla út umsóknareyðublað á ensku og vísar því beint í það umhverfi þegar hann spyr viðmælenda sinn hvort það skipti máli að sá reitur sem hann talar um sé „required“ (skyldubundinn).

Loks eru í *töflu 12* bútar úr samtali tveggja stráka sem notuðu ensku mikið (hlutfallið var rúmlega 30%). Eins og sjá má gegnir enskunotkunin margvíslegum hlutverkum, ekki síst í tengslum við þann leik og galsa sem augljóslega einkennir spjall þeirra.

Texti	Hlutverk
(48) elska þennan <i>skets</i> [vísað í youtube hlekk]]og að lesa þessi <i>komment</i> frá gæjum frá perú alveg brjálaðir	Vöntun á orðaforða A (hrein þörf)
(49) <i>h8ers from all over the world come together</i>	Vöntun á orðaforða B (þægindi/óformlegheit) Ákveðið umræðuefni
(50) <i>gather around to bate on middle-iceland</i> ☺+	Ákveðið umræðuefni
(51) [facebook hlekkur] <i>cool pic bro</i>	Leikur Ávarp
(52) algjörlega top maður <i>top notch entertainer entertains his entertainment is a way of life</i>	Leikur Endurtekning

(53) svona sniddlyngar eins og hann <i>inspired by</i> skítamótall reyndar eins og allr tónlistarmenn fæddir eftir 92' kyndil- berar klámkynslóðarinnar <i>but first let me take a</i> geiri	Vöntun á orða- forða B (þægindi/ óformlegheit) Leikur
(54) hahaha <i>beereee I aaaaam UNTIL THE END OF TIME LIKE A NIGHTMARE NEVER ENDING</i> dýptin á þessum textum <i>vampires are alive</i>	Leikur Tilvitnun

Tafla 12: Dæmi um enskunotkun í samtölum: Leikur og fleiri hlutverk (úr sama samtali).

Dæmi (48) og (49) mynda saman segð annars stráksins og þar má í fyrsta lagi sjá hvernig hann notar orðin „skets“ og „komment“ til að vísa í netlaga umræðu um þann hlekk sem er til umfjöllunar. Hann heldur þeirri vísun svo áfram með enskunotkun sinni í setningunni í dæmi (49), þar sem hann notar m.a. orðið „h8ters“ þar sem áttan tákna „eight“ þannig að orði lesist „haters“ og talar þar með inn í enskt samhengi umræðuefnisins. Viðmælandi hans heldur þessari tengingu við það umræðuefni áfram með enskunotkun sinni í dæmi (50). Í dæmum (51)–(54) má sjá hvernig leikur strákanna eða galsi blandast saman við ýmis önnur hlutverk. Þannig notar annar strákurinn frasann „cool pic bro“ til að ávarpa féлага sinn á háðslegan hátt eftir að hafa fengið senda frá honum mynd og í dæmi (52) sést hvernig upphafleg skilaboð segðarinnar eru ítrekuð og útfærð nánar á gáskafullan hátt á ensku. Í dæmi (53) má svo sjá hvernig strákurinn notar frasa („but first let me take a geiri“) sem er utanaðkomandi illskiljanlegur en nýtist greinilega fullkomlega í einhvers konar málfarslegum leik þeirra félaganna. Í dæmi (54) má svo loks sjá hvernig vitnað er í lagatexta og hann teygður og togaður í gríni.

5 Samantekt og lokaorð

Rétt er að enda þessa umfjöllun um málvíxl íslenskra ungmenna á Facebook á því að draga helstu niðurstöður saman og svara um leið þeim rannsóknarspurningum sem unnið var út frá og nefndar eru í inngangi. Fyrsta rannsóknarspurning okkar (A) snerist um hver tíðni málvíxla úr íslensku og ensku væri í gagnasafninu og sé litið yfir niðurstöðurnar í heild má leiða að því líkur að svarið við þessari spurningu sé hvað athyglisverðast. Í ljósi umræðna um sívaxandi enskunotkun á Íslandi og áhrif ensku á íslensku kom það greinarhöfundum í það minnsta nokkuð á óvart að sjá að enska myndar aðeins 2–3,5% af þeim heildarorðaforða sem ungmennin nota en þær tölur

geta vart talist sérstakt áhyggjuefni út frá varnarstöðu íslenskunnar gagnvart ensku. Þetta hefði þó kannski ekki átt að koma sérstaklega á óvart, sé horft til áðurnefndra niðurstaðna á erlendum vettvangi (sjá kafla 2) sem sýna að rafræn samskipti eru engin sjálfgefin uppspretta málvíxla.⁴² Um leið felst í niðurstöðunum nokkuð skýrt svar við síðustu rannsóknarspurningu okkar (D), það er um hvaða vísbendingar komi fram í gögnunum um tvítýngisaðstæður þar sem enska sé notuð sem grunnmál samhliða íslensku. Skemmst er frá því að segja að litlar sem engar vísbendingar koma fram um slíkar aðstæður. Sú heildarmynd sem fram kemur í gögnunum bendir þvert á móti til þess að í samfélagsmiðlamáli þeirra ungmenna sem hér koma við sögu gegni enska fyrst og fremst hlutverki einhvers konar krydds á rétt sem er að öðru leyti búinn til úr íslensku hráefni.

Sem fyrr segja þó heildarmynd og meðaltöl ekki alla söguna og þess sjást skýr merki að aðstæður og umræðuefni hverju sinni, samanber rannsóknarspurningu okkar þess efnis (C), hafi nokkur áhrif á eðli og umfang málvíxla. Þannig koma málvíxl síst fyrir í stöðuuppfærslum ungmennanna, fjölgar nokkuð í athugasemdum og ná svo loks hámarki í spjallumhverfinu, en þetta stigveldi má líkast til rekja beint til þess að stöðuuppfærslurnar eru opnar og kalla að mati nemendanna á nokkuð formlegt málfar, samanber orð þeirra í rýnihópaviðtölum, en spjallið er hins vegar oftast tveggja manna tal þar sem losnar um ýmsar hömlur. Athugasemdirnar eru svo þarna mitt á milli. Áhrif umræðuefnis má svo sjá á því að enska kemur sýnu meira við sögu þegar rætt er um nokkuð sértækt efni sem um margt hvílir á enskum grunni, svo sem tölvur, tækni og dægurmenningu samtímans. Allviða má svo sjá hvernig aðstæður og umræðuefni fléttast saman með mismunandi hætti, samanber annars vegar spjall tveggja stúlkna um heimaverkefni sem þær eru að vinna fyrir skólann, þar sem enskunotkun er hverfandi, og hins vegar galsafengið spjall tveggja stráka sem hverfist að mestu um tónlist, kvikmyndir og sögur af vinum þeirra og skólafélögum og fer að tæpum þriðjungi til fram á ensku. Samantekið sýna þessar niðurstæður jafnframt að afar varasamt er að tala um íslenskt málfar í rafrænu umhverfi og hugsanleg áhrif ensku á það á þeim grunni að þetta umhverfi sé aðeins *eitt*. Eins og hér má sjá er rafrænt umhverfi alveg eins fjölbreytilegt og hvort heldur er talmáls-umhverfi eða öllu hefðbundnara ritmáls-umhverfi og birtingarmynd þess málfars sem notað er ræðst hér sem annars staðar að talsverðu leyti af því hve formlegt og/eða

⁴² Su-Hie Ting og Kai-Liang Yeo, „Code-switching Functions in Facebook Wall-posts“, bls. 8.

opið samskiptaumhverfið er hverju sinni, fjölda viðmælenda og hverjir þeir eru, hvert umræðuefnið er og svo framvegis.

Hlutverk málvíxla í skrifum ungmennanna var miðlægur þáttur í athugun okkar, samanber rannsóknarspurningu B. Niðurstöður okkar sýna að málvxlum bregður, heilt á titið, helst fyrir í samhengi við upphrópanir, áhersluauka, sprell eða leikræna tilburði, myndun eða viðhald tengsla eða þegar ungmennin vantar orð á íslensku. Ensku bregður einnig gjarnan fyrir í þeim textum sem nemendur skrifa til stuðnings eða útskýringar á myndum eða hlekkjum sem þeir birta í stöðuuppfærslum. Þetta er í góðu samræmi við rannsóknir erlendis sem sýna mjög sambærilega hlutverkaskipan málvíxla í rafrænu umhverfi og að þessum hlutverkum svipar um margt til þeirra sem sjá má í málvxlum í talmáli.⁴³ Heildarbragur þeirra hlutverka sem við fundum undirstrikar jafnframt að mörgu leyti það sem sagt var hér ofar um enskuna sem krydd í annars íslenskum rétti. Oftast er hér um að ræða fremur yfirborðskennnda viðbót við hinn íslenska kjarna, í formi upphrópana, áhersluorða eða -frasa, leiks eða orða eða orðasambanda sem ekki finnast íslensk samsvörun við, í það minnsta þá stundina. Í mörgum tilvikum má jafnframt rekja það að dæmin séu talin málvíxl til nokkuð opinnar skilgreiningar okkar á því hugtaki. Innan ramma þrengri skilgreiningar væri hér fremur um einhvers konar lántöku eða slettur að ræða.

Eins og nefnt er hér ofar var hér lagt út á akur sem er að verulegu leyti óþlæggður í íslensku samhengi. Fyrir vikið er ýmsu enn ósvarað, hvort sem það snýr að því að fylgja eftir þeim niðurstöðum sem hér kunna að þykja forvitnilegastar eða kanna þær hliðar málvíxla ungmenna á milli íslensku og ensku í rafrænu umhverfi sem við höfum að mestu látið liggja á milli hluta í bili. Rétt er að hvetja til frekari rannsókna á þessu efni og horfa þar ekki síst til sumra þeirra þátta sem segja má að takmarki gildi þeirrar rannsóknar sem hér hefur verið gerð grein fyrir. Þannig væri æskilegt að taka viðtöl við þátttakendur sem snúast gagnert um málvíxl þeirra og hvaða augum þeir líta þau og gott væri einnig að afla nýrri gagna en hér er stuðst við og horfa þá ekki síður til þeirrar samskiptamiðla, annarra en bara Facebook, sem eru í almennri notkun meðal ungmenna. Í ljósi sívaxandi vægis rafrænna samskipta, óháð aldri notenda, væri svo vitaskuld rétt að breikka sviðið og taka málvíxl fullorðinna í því umhverfi líka til athunar, til að athuga hvort og þá hvernig þeir „hlaupa tungumálanna á milli“.

⁴³ Jannis Androutsopoulos, „Code-switching in computer-mediated communication“, bls. 681.

ÚTDRÁTTUR

Í greininni er fjallað um sambýli íslensku og ensku eins og það birtist í málnotkun 92 framhaldsskólanema á samfélagsmiðlinum Facebook. Byggt er á greiningu á hlutverki málvíxla í stöðuuppfærslum (5.983 orð), athugasemdum (4.084 orð) og einkasamtölum (17.408 orð), það er að segja þegar gripið er til orða, orðasambanda, setninga og jafnvel lengri segða á ensku þar sem íslenska er annars grunnmálið, en slík víxl eru gjarnan talin vera eitt helsta einkenni unglíngamáls. Í ljósi umræðu um vaxandi enskunotkun á tímum alþjóðavæðingar og örra tæknibreytinga, auk þess sem málvíxl eru talin eitt megineinkenna unglíngamáls, kemur ef til vill á óvart að hlutfall ensku er einungis 3,02% af heildarorðaforðanum í gögnum okkar (831 orð af 27.475). Almenn eru málvíxl algengari í einkasjalli en á sýnilegum vettvangi, það er í stöðuuppfærslum og athugasemdum, eins og við mátti búast, en meðaltölin segja þó ekki alla söguna. Hlutfall ensku sveiflast til að mynda frá 0,16% í samtali um skólaverkefni upp í 30,47% í ærslafullu spjalli um næturlíf, tónlist og myndbönd á Youtube. Þó er ekkert í gögnum okkar sem bendir til tvítyngdra málaðstæðna þar sem enska er notuð sem grunnmál samhliða íslensku. Meðal þess sem rannsókn okkar leiðir í ljós er að ungmennin nota ensku helst þegar þau virðist vanta orð á íslensku, í upphrópunum, til áhersluauka, í leikrænum tilgangi og til að styrkja tengsl sín á milli. Þessar niðurstöður eru í samræmi við það sem sambærilegar erlendar rannsóknir hafa leitt í ljós. Auk þess kemur enska gjarnan við sögu í þeim textum sem birtir eru með myndum í stöðuuppfærslum. Það sem síðan ræður mestu um hvort málvíxlum er beitt eru annars vegar málaðstæðurnar og hins vegar umræðuefnið. Á samtalsþráðunum er almennt meiri tilhneiging til að skipta yfir í ensku en það fer þó mjög mikið eftir umræðuefninu. Þegar rætt er um efni á borð við skóla eða almennar frístundir heyrir til undantekninga að gripið sé til ensku en þegar talið berst að tölvuleikjum, sjónvarpsþáttum og tilteknum sérhæfðum viðfangsefnum eru málvíxl býsna áberandi.

Lykilorð: málvíxl, rafræn samskipti, samfélagsmiðlar, unglíngamál, samskiptahlutverk málvíxla

ABSTRACT

This article aims at investigating the digital language contact between Icelandic and English as it appears in computer-mediated communication (CMC) among 92 students in secondary schools in Iceland. The study is based on the analysis of code-switching (CS) in 474 status updates (5,983 words) and 321 wall comments (4,084 words) on Facebook, plus personal conversations from 30 participants on Messenger (17,408 words). The main focus is on the role of inter-sentential, in-

tra-sentential and extra-sentential code-switching, i.e. when native speakers of Icelandic use words, phrases or sentences from English in an otherwise Icelandic setting. In light of the current concerns about the rapidly growing use of English in the Icelandic speech community, and also bearing in mind that code-switching has been considered as a characteristic of youth language, it might come as a surprise that the average proportion of English in the total vocabulary of our data is only 3,02% (831 out of 27,475 words). Overall, CS is more common in the closed personal chats than in the open environment of status updates and wall posts. However, the average numbers do not tell the whole story. It turns out, for instance, that the proportion of English vocabulary ranges from only 0,16% in a private conversation about homework all the way up to 30,47% in a playful chat about nightlife, music, YouTube videos and such topics. Including even the most extreme cases, our data does not indicate any signs of a bilingual situation where English is used as a base language besides Icelandic. Similarly to a study by Caparas and Gustilo (2017), our results show that the primary motivations for CS in Icelandic CMC are lexical need, emphasis, interjection, playfulness and promoting relationship. In addition, our results reveal that English is frequently employed in connection with photos posted on Facebook. The two most determinant factors regarding the application of CS are the linguistic environment and the topic in question. Thus, CS is generally more common in personal chats than in official posts or comments, depending on the topic though, and CS is relatively frequent in connection with topics like computer games, TV series and certain specialized subjects.

Keywords: code-switching, computer-mediated communication, social media, youth language, conversational function of code-switching

FINNUR FRÍÐRIKSSON

Dósent í íslensku

Kennaradeild

Hug- og félagsvísindasviði Háskólanum á Akureyri

finnur@unak.is

ÁSGRÍMUR ANGANTÝSSON

Prófessor í íslensku nútímamáli

Íslensku- og menningardeild

Hugvísindasviði Háskóla Íslands

asgriman@hi.is